

fengizt úr þessu bætt, þrátt fyrir ábendingu réttarins, þykir bera að vísa þessum kröfulið frá réttinum.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindum kröfulið er vísað frá réttinum.

Að öðru leyti skal stefndi, bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum f. h. hafnarsjóðs Vestmannaeyja, vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 20. maí 1963.

Nr. 33/1962. **Héraðsrafmagnsveitur ríkisins**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Páli Jónssyni (Friðrik Magnússon hrl.)

og gagnsök.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Magnús P. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann lækunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi hans.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verið dæmt að greiða kr. 291.842.50 með 6% ársvöxtum af kr. 83.277.70 frá 19. marz 1955 til 20. febrúar 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 6% ársvöxtum af kr. 208.564.80 frá 14. nóvember 1958 til 20. febrúar 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi

og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Meðal þeirra er nýtt örorkumat Bergþórs Smára læknis, dags. 22. apríl þ. á. Segir þar m. a.: „.... Mat mitt á varanlegri örorku hans (þ. e. gagnáfrýjanda) af völdum þessa slyss (20%) var gert á þann hátt, að ég gekk út frá því, að augað hefði verið heilbriggt fyrir slysið, enda mér ókunnugt um annað þá. — Síðan hefur hins vegar komið á daginn, að sjón slasaða á auganu mun líklega hafa verið skert í allt að 6/12, er slysið varð. Fyrir liggur þá, að örorka slasaða af völdum sjóndepru á vinstra auga er 20%. Hins vegar virðist réttlátt að draga frá slysaörorkunni þá örorku, sem slasaði mun hafa haft af völdum augnsjúkdóms, áður en slysið varð, en það telst vera 3%. Eftir verður þá 17% örorka af völdum ofangreinds slyss.“ —

Þá hefur og verið lögð fram ný áætlun Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 1. þ. m. Samkvæmt þeim lið áætlunarinnar, sem hér þykir skipta máli og miðaður er við breytt örorkumat og breytt kauplag, telst verðmæti tapaðra vinnutekna gagnáfrýjanda, miðað við 11. desember 1958, nema samtals kr. 229.446.00.

I. Slysið á Hellissandi.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, þykir aðaláfrýjandi eiga að bæta gagnáfrýjanda tjón hans vegna þess slyss að $\frac{2}{3}$ hlutum, en gagnáfrýjandi beri sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta Tjón gagnáfrýjanda vegna örorku og þjáninga telst hæfilega metið í héraðsdómi, þ. e. kr. 55.000.00 + kr. 10.000.00 = kr. 65.000.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 7.381.30 samkvæmt viðurkenningu gagnáfrýjanda hér fyrir dómi. Með vísan til þess, er áður getur um sakarskiptingu, ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda $\frac{2}{3}$ hluta af mismuninum, kr. 57.618.70, þ. e. kr. 38.412.46.

II. Slysið í Hrafnagilshreppi.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi, þykir aðaláfrýjandi eiga að bæta gagnáfrýjanda að fullu tjón hans vegna slyss þessa.

Eftir atvikum og þá m. a. með tilliti til áður getinna nýrra gagna um breytingu á örorkumati og áætlun tryggingafræðings þykja bætur fyrir atvinnutjón hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00. Bætur fyrir þjáningar og lýti af völdum slyss þessa ákveðast kr. 20.000.00. Frá fjárhæðum þessum, samtals kr. 180.000.00, ber að draga kr. 45.414.20 samkvæmt viðurkenningu gagnáfrýjanda hér fyrir dómi, þannig að bætur vegna slyss þessa nema kr. 134.585.80.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda vegna beggja slysanna samtals kr. 172.998.26.

Í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda og ákvæði laga ber aðaláfrýjanda og að greiða 6% ársvexti af kr. 38.412.46 frá 19. marz 1955 til 14. nóvember 1958, 6% ársvexti af kr. 172.998.26 frá 14. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvexti af sömu fjárhæð frá 22. febrúar til 29. desember 1960 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 36.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Héraðsrafmagnsveitur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Páli Jónssyni, kr. 172.998.26 með 6% ársvöxtum af kr. 38.412.46 frá 19. marz 1955 til 14. nóvember 1958, 6% ársvöxtum af kr. 172.998.26 frá 14. nóvember 1958 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 22. febrúar til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjanda kr. 36.000.00, málskostnað í héraði og Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Eyjafjarðarsýslu 25. nóvember 1961.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., var höfðað hér fyrir

dómi af Páli Jónssyni verkamanni, Hafnarstræti 47, Akureyri, með stefnu útgefinni 29. ágúst 1960 gegn Héraðsrafmagnsveitum ríkisins. Í stefnu gerði stefnandi þessar kröfur:

Að stefndu verði dæmdir til að greiða honum samtals kr. 84.049.06 í skaðabætur og miskabætur vegna slyss hans á Hellissandi 19/3 1955 og kr. 211.494.00 í samskonar bætur vegna slyss í Eyjafirði 14/11 1958 eða samtals fyrir bæði slysin kr. 295.543.06, auk 6% ársvaxta af bóttum fyrir fyrra slysið frá 19/3 1955 til 20/2 1960 og 9% ársvaxta frá 20/2 1960 til greiðsludags og sömu vaxta af upphæðinni vegna síðara slyssins frá 14/11 1958 til 20/2 1960 og 9% ársvexti frá 20/2 1960 til greiðsludags og málskostnað eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fyrri liðinn um kr. 771.36 í kr. 83.277.70 vegna kaupgreiðslu til hans í eina viku og vegna síðara slyssins um kr. 2.929.20 vegna kaupgreiðslu til hans 12.—28. desember 1958 eða í kr. 208.564.80, og verður endanleg krafa því samtals kr. 291.842.50.

Krafa stefndu er, að bætur undir fyrri liðnum verði stórlega lækkaðar, og að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfunni undir síðari liðnum og þeim dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Eins og framangreint bendir til, byggir stefnandi kröfu sína í máli þessu á tjóni af tveimur slysum, er hann hafi orðið fyrir, er hann hafi verið að vinna í þágu stefnda. Fyrra slysið gerðist á Hellissandi á Snæfellsnesi þann 19/3 1955, en það síðara nálægt Hvammi í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði þann 14/11 1958. Verður fyrst vikið að kröfum og málsástæðum stefnanda út af fyrra slysinu og síðan að því síðara.

II.

Slysið á Hellissandi:

Kröfur stefnanda vegna slyssins á Hellissandi eru þessar:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Vinnutekju- og örorkutjón | kr. 79.887.64 |
| Frá dragist dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins | — 6.609.94 |
| | <hr/> |
| | Kr. 73.227.70 |
| 2. Bætur fyrir þjáningu og miska | — 10.000.00 |
| | <hr/> |

Samtals kr. 83.277.70

Auk þess er krafa vaxta og málskostnaðar, sem áður greinir. Verða nú rakin málsatvik og málsástæður í höfuðdráttum:

Stefnandi hefur skýrt þannig frá atvikum að slysi þessu í skjölum fyrir dómi: Um þetta leyti, þ. e. í marzmánuði 1955, var hann starfsmaður hjá stefndu og var að vinna að lagfæringu á innanbæjarrakerfinu á Hellissandi. Hann hafði þá starfað hjá stefndu í 4—5 ár, en þetta var annar dagurinn, sem hann hafði unnið þarna. Þegar stefnandi slasaðist, var hann að setja stag á staur og hagaði þannig til, að setja þurfti stagið í húsvegg um 4 m frá jörðu. Í húsvegginn var settur spennibolti og á enda hans skrúfuð augaró. Í ró þessa var festur vantstrekkiari í annan endann, en stagvírinn var festur í hinn endann. Áður en hann festi stagvírinn, hafði hann skrúfað strekkjarann eins mikið sundur og hann þorði, án þess að hann losnaði alveg í sundur. Því næst strekkti hann stagvírinn eins og hann gat með handafli, áður en hann festi hann með þar til gerðum lás-um eða klemmum, sem settar eru utan um vírinn tvöfaldan. En áður en hann fullherti á klemmunum, sem gert er með skrúfum, barði hann á klemmuna til að koma henni betur upp á vírinn, að því er virðist í átt að kós, sem var á enda strekkjarans. Vissi hann þá ekki fyrr en strekkjarinn losnaði sundur og féll hann þá aftur á bak úr stiga, er hann hafði staðið í, en hélt í stagvírinn og hafði fylgt honum eftir, er hann féll til jarðar þarna hjá. Þar sem stiginn hafði verið reistur, var 50—60 cm hár steinsteyptur garður og slóst vinstri fótur hans í garðinn við fallið og brotnuðu báðar leggþípur á þeim fæti. Læknir var til kvaddur og því næst var stefnandi fluttur í sjúkrahúsið til Reykjavíkur og lagður inn á Landakotsspítala. Verður síðar vikið nánar að meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra. Engin opinber rannsókn fór fram út af slysi þessu, og er því við lítið annað að styðjast um atvik að því en skýrslur stefnanda sjálfs og tveggja samstarfsmanna hans, meðan á rekstri þessa máls hefur staðið, en sem áður getur, eru 5—6 ár síðan slysið skeði.

Stefnandi hefur haldið því fram, að slysið hafi skeð fyrst og fremst vegna þess, hve stiginn, sem honum hafi verið látinn í té, hafi verið ófullnægjandi. Hann kveður stigann hafa verið mjög lélegan, bæði allt of stuttan og rimar lélegar af fúa. Þá kveður hann að þar sem stiginn hafi verið svo stuttur, hafi þurft að láta hann rísa mjög mikið, og hafi hann því þurft að halla sér nokkuð mikið aftur á bak til þess að ná út fyrir strekkjarann. Ekki hefur stefnandi getað greint frá því, hvornig það kom til, að stigi þessi var notaður, en sagði, að stefndu hafi

ekki átt hann, enda hafi þeir engan stiga skaffað og ekki hafi hann vitað, hver átti stigann né heldur, hvort hann eða einhver annar hafi reist hann þarna. Hann kvað flokksstjórann Stefán Jónsson hafa verið þarna nærstaddan, en mundi ekki, hvort hann átti beinan þátt í því, að stiginn hafi verið notaður. Þá kvað stefnandi, að eins og aðstæðum var háttað, hafi verið algerlega gagnslaust að hafa öryggisbelti, vegna þess hve stiginn hafi verið stuttur og sagðist hann minna, að hann hafi staðið í efsta þrepi. Hins vegar kvað hann þá oft nota öryggisbelti í stigum og sagði, að ef hægt hefði verið að nota öryggisbelti og maður hefði stutt við stigann, þá hefði það veitt nokkurt öryggi.

Vitnið Stefán Jónsson, sem var flokksstjóri við framangreint verk og hafði þar daglega verkstjórn á hendi undir eftirliti aðalverkstjóra, hefur borið um það, hvernig slysið atvikaðist mjög með sama hætti og stefnandi hefur lýst, og kvaðst hafa skrifað skýrslu um slysið daginn eftir eða svo. Hins vegar kvaðst vitnið ekki muna neitt eftir því, er varðaði framangreindan stiga, hvorki útlit hans, stærð eða ástand né heldur, hver hafi átt hann eða réði notkun hans og ekki mundi hann heldur, hvort stiginn hafi fallið við slysið. Þá kvað vitnið, að strekkjari, eins og þarna var um að ræða, sé ekki öruggur á tveimur skrúfum; þeir séu ekki öruggir með minna en fjórum skrúfum.

Vitnið Árni Vilhjálmsson rafvirki, sem var samstarfsmaður stefnanda og stóð rétt við stigann, þegar maðurinn féll, hefur talið frásögn stefnanda af atvikum rétta í öllum atriðum, er máli virðast skipta. Vitnið kveðst telja ástæðuna fyrir því, að strekkjarinn fór í sundur, hafa verið þá, að búíð hafi verið að skrúfa hann eins mikið í sundur og maðurinn hafi þorað. Þegar hann hafi svo farið að berja klemmuna upp á vírinn, þá muni þrýstingurinn af því og átök við að koma vírnum fyrir, hafa valdið því, að hann fór í sundur. Hann kvað þá berja þannig á klemmurnar til að fá vírinn til að leggjast betur að kósanum, sem sé fest við strekkjarann með járnbolta og kvað hann þetta venju þeirra undir slíkum kringumstæðum. Þá kvað vitnið slík stög vera tiltölulega sjaldan sett í húsveggi, en setning þeirra í húsveggi væri hættulegri en í jörð og hafi alltaf verið talið svo, enda sé erfiðara að koma þar fyrir öryggisboltum. Hann kvað þó ætlazt til, að höfð væru öryggisbelti einnig í stigum, en ekki hefði það komið að haldi í þessu tilfelli, því að stiginn hafi fallið með mannum, auk þess sem stiginn hafi verið svo lágur, að maðurinn hafi eigi haft jafnvægi, heldur hafi hann

orðið að hvíla að verulegu leyti á vírnum, þar sem þetta sé um 70 cm frá veggnum og maðurinn verði að nota aðra hendina til að halda saman vírunum, en hina til að slá með. Þá kvað hann stigann, er notaður hafi verið, muni hafa verið fenginn að láni og hafi hann verið alltof stuttur, en hann hafi verið á að gizka 3—4 m. Hann kvað þá hafa verið í verkfærahraki og hafi þeir verið búnir að biðja um stiga, en hann hafi ekki verið kominn.

Nánar mundi vitnið ekki um ástand stigans. Hann kvað stigann ekki hafa runnið til, því að hann hafi verið að neðan við steypa kantinn. Vitnið kvað þá aldrei hafa notað öryggisbelti í stigum og kvaðst aldrei hafa verið áminntur um að nota þau af yfirmönnum. Hann kvað öryggisbelti ekki hafa getað komið að neinu haldi í þessu tilfelli.

Lögmaður stefnanda telur, að slysið hafi hlotizt af lélegum og ófullnægjandi tækjum og að ekki hafi verið gætt þess öryggis af hálfu verkstjóra stefndu, er skylt sé. Stiginn, sem notaður hafi verið, hafi verið allt of stuttur og lélegur, svo að reisa hafi orðið hann bratt við húsið, svo gagnslaust og raunar ómögulegt hafi verið að nota öryggisbelti. Stefnandi hafi því orðið að halla sér mikið aftur á bak við verk sitt, svo að hann kæmist að því, sem hann var að gera. Þá hafi engin öryggisró verið á strekkjaranum til hindrunar því, að hann gæti losnað í sundur. Þá sé það mjög sjaldgæft, að slík stög séu sett í húsveggi og hafi því verði ríkari ástæða fyrir verkstjóra til að fylgjast vel með verkinu, enda sé sá háttur hættulegri en þegar fest sé í jörð. Loks telur lögmaður stefnanda, að þar sem stefndu hafi ekki tilkynnt slysið réttum aðilja, sbr. lög nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, eigi hann að bera halla af því, að viss atriði varðandi slysið hafi ekki fengizt upplýst sem skyldi.

Eins og áður greinir, krefjast stefndu nú ekki sýknu af þessum lið, heldur lækkunar og byggja það aðallega á þessum atriðum: Hér hafi verið um lágan húsvegg að ræða eða aðeins um 3 m og stiginn hafi ekki bilað, heldur hafi hann skrikað til. Þá hafi stefnandi átt að neita að nota stigann við verk þetta og sýnt með því mikla vangæzlu. Þá hafi hann einnig sýnt óvarkárni með því að skrúfa strekkjarann of mikið í sundur. Þá telur hann, að ekki sé sönnuð sök hjá neinum öðrum starfsmanni stefnda.

Rétturinn lítur svo á, að með vanrækslu á því að tilkynna slysið réttum aðilja, svo að rannsókn færi fram, eigi stefndu

að bera halla af því, að viss atriði varðandi atvik að slysinu hafa eigi orðið upplýst. Þá telur rétturinn, að telja verði, eftir því sem málið er upplýst, að stiginn, sem notaður var, hafi verið óforsvaranlegur og verður að telja, að stefndu eða flokksstjóri þeirra við verkið eigi meginsök á því. Einnig telur rétturinn, að tilhögun verksins hafi eigi verið heppileg og að hægt hefði verið að framkvæma það með meira öryggi fyrir þann, er það vann, og verður einnig að teljast, að flokksstjóri stefndu eigi þar meginsök á, enda hefði hann átt að fylgjast betur með verkinu, þar sem hann var nærstaddur en raun virðist hafa verið á. Einnig telur rétturinn, að rétt hefði verið og tryggara að hafa öryggisró á strekkjaranum. Jafnframt telur rétturinn, að stefnandi hafi ekki gætt þeirrar aðgæzlu, er krefjast hefði mátt af honum, einkum þar sem hér var um að ræða vanan mann, sem verið hafði við slík störf að verulegu leyti í 4—5 ár, og lýtur það bæði að notkun stigans og framkvæmd verksins sjálfs. Þykir hæfilegt, að stefndu beri $\frac{3}{4}$ tjónsins, en stefnandi $\frac{1}{4}$ þess.

Verður nú vikið að bótaupphæðinni. Verður fyrst vikið að fyrri liðnum.

Um 1. lið, vinnutekjur og örorkutjón.

Eins og áður greinir, slasaðist stefnandi á Hellissandi 19. marz 1955 og var þá fluttur í Landakotsspítala. Um meiðsli hans segir Bjarni Jónsson yfirlæknir eftirfarandi í vottorði, dags. 19. janúar 1959:

„Rtg.-skoðun sýndi, að báðar leggjarpípur voru brotnar rétt ofan ökla og var sköflungurinn mölbrotinn.

Brotin voru færð í skorður og lá sjl. í spítalanum til 26.5. 1955. Hann byrjaði vinnu um það bil 8 mán. eftir slysið. Hann kvartar nú um stirðleika í vinstra ökla, segist vera máttminni í fætinum og þreytast fyrir í honum en þeim hægri. Sérlega þreytist hann við göngur í þýfi eða á ósléttu. Svólítil rýrnun er á vinstri legg og hjarahreyfing í ökla minnkuð. H. ökli $130^\circ/70^\circ$, V. $105^\circ/80^\circ$. Hverfihreyfing eins á báðum fótum.

Rtg.-skoðun í Landakotsspítala 29/12 '58 sýnir: V. leggur og ökla. Brotið í vinstri fótlegg, rétt fyrir ofan öklaliðinn, er að sjá vel gróið, þó má ennþá aðeins greina brotalínur. Nokkur deformatio er á beininu bæði tibia og fibula sin á þessu svæði og neðsti hluti tibiae sin. er sveigður nokkuð aftur á við, rétt fyrir ofan öklaliðinn. Beinstructur er dálítið dropótt. Liðbrúnir

á tibia framan til eru hvassar, en annars eru ekki áberandi arthorískar breytingar í öklaliðnum. R. diagn.: Siq. fract. cruris sin. supramalleolaris.“

Hér er um að ræða 33 ára gamlan mann, sem brotnaði illa á vinstra fæti fyrir nærri 4 árum. Brotið er nú vel gróið, en svólíttill halli er á liðfleti sköflungs í vóluliðnum séð frá hlið. Væntanlega háir þetta sjl. lítið, ef hann getur gætt hófs um áreynslu, en ekki getur hann boðið vinstri fæti erfiði til jafns við þann hægri.“

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda af slysi þessu sem hér segir:

Frá slysdegi (19/3 '55) til 30/6 1955	100%
— 1/7 1955 til 31/8 1955	70%
— 1/9 1955 til 31/10 1955	35%
— 1/11 1955 til 30/11 1955	20%

Varanleg örorka 5%.

Þá hefur verið lögð fram skýrsla tryggingarfræðings um örorkutjón stefnanda vegna þessa slyss.

Samkvæmt framtali og yfirlýsingum frá viðkomandi skatt-yfirvöldum hefur hann reiknað út meðaltekjur stefnanda annars vegar miðað við tekjur hans árin 1952—54 og hins vegar miðað við árin 1956—1958, og síðan hefur hann reiknað verðmæti tapaðra vinnutekna frá slysdegi sem hér segir: Hann telur tapið, miðað við tekjur fyrra tímabilsins, vera kr. 50.177.00, en það síðara kr. 80.659.00.

Við útreikninginn hefur hann tekið tillit til þeirra breytinga á verkamannakaupi, sem orðið hafa frá slysdegi á ári hverju. Hins vegar var ekki tekið tillit til dagpeningagreiðslna, sem stefnandi hafði fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Varðandi hinn mismunandi útreikning segir tryggingarfræðingurinn, að til greina komi að miða við tekjur fyrra tímabilsins fyrst eftir slysið, en síðan við hinar nýrri upplýsingar.

Eins og stefnukrafan sýnir, er hún miðuð nákvæmlega við mat tryggingafræðingsins eftir síðara tímabilinu, sbr. hér að framan, að frádrægnum dagpeningagreiðslum frá Tryggingastofnuninni. Stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að miðað verði eingöngu við tekjur árána fyrir slysið.

Rétt þykir að hafa nokkra hliðsjón af hinu hærra mati. Þykir tjónið með hliðsjón af því, er nú hefur verið rakið, svo og því, að tekjur þessar eru ekki skattskyldar, hæfilega metið á kr.

55.000.00, og ber að dæma stefndu samkvæmt framansögðu til að greiða stefnanda $\frac{3}{4}$ af því eða kr. 41.250.00, að frádregnum kr. 6.640.00 frá Tryggingastofnun ríkisins eða kr. 34.640.06.

Um lið 2.

Með tilvísun til þess, sem að framan er greint um þetta slys og afleiðingar þess, þykir kröfu stefnanda svo í hóf stillt, að taka beri hana til greina að fullu og dæma stefndu til að greiða honum $\frac{3}{4}$ af kr. 10.000.00 eða kr. 7.500.00.

III.

Slysið í Hrafnagilshreppi.

Kröfu sína vegna slyssins í Hrafnagilshreppi hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Vinnutekju- og örorkutjón	kr. 221.049.80
Þar frá örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 42.485.00
	<hr/>
	kr. 178.564.80
2. Bætur vegna þjáninga, lýta og miska	— 30.000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 208.564.80

Málavextir eru þessir samkvæmt opinberri rannsókn, er fram fór hér í júlí 1959 vegna slyssins og öðrum gögnum málsins: Sjálfur hefur stefnandi skýrt þannig frá atvikum að slysinu: Greindan dag var hann ásamt Stefáni Árnasyni, Gránufélagsgötu 11, og Ragnari Valdemarssyni, Brekkugötu 34, báðum hér í bæ, að vinna við að rífa niður stauralínu sunnan við Hvamm í Hrafnagilshreppi. Starfaði stefnandi þarna sem flokksstjóri, en aðalverkstjóri var Ingólfur Árnason raffræðingur. Þegar slysið vildi til, voru þeir búnir að fella staurana og var verið að velta saman 2 staurum, sem binda átti saman, en síðan átti að draga þá með kranabíl að veginum. Þegar slysið skeði, var stefnandi einn að færa staur að öðrum og stóð hann þannig að því, að hann bograði yfir staurnum og var með andlitið rétt við hann og dró hann að sér. Landið þarna var dálítið þýft og tálmaði smápúfa verki stefnanda. Bar Stefán Árnason að í því og sparn hann með fætinum við staurnum til aðstoðar stefnanda, en hann hafði borið að staurnum andspænis stefnanda, og sneri staurinn gegnt andliti hans, en jörð var blaut og staurinn háll,

og rann fótur Stefáns af staurnum á andlit stefnanda og kom á vinstra augað. Stefnanda fannst þetta högg ekki mikið og fann ekki til mikils sársauka. Hann kveðst þó lítið hafa séð með auganu fyrst á eftir, en hélt, að það stafaði af óhreinindum og mundi lagast, en þótt hann þvægi augað, vildi sjónin ekki lagast.

Daginn eftir fór hann til augnlæknis hér og reyndust meiðslin meiri en búizt hafði verið við, enda fór svo, að stefnandi missti sjón á auganu.

Stefnandi hefur skýrt svo frá í skýrslu sinni, að staurar þessir hafi ekki verið þyngri en það, að einn maður hafi getað velt þeim á sléttu og kvaðst ekki hafa beðið Stefán Árnason að hjálpa sér í þetta sinn, en kvað þá hafa hjálpað hvor öðrum eftir því sem með hafi þurft. Hann kveðst ekkert hafa fundið athugavert við það, þótt Stefán ýtti við staurnum með fætinum og hafi þetta verið óviljaverk og stafað af því, að staurinn hafi verið blautur og sleipur. Hann hefur þó talið það óvarkárni af Stefáni að spyrna við staurnum svo nálægt andliti hans, sem raun var á, og einnig sagði hann síðar, að það væri óvenjulegt, að maður spyrnti þannig í staur, sem annar maður væri að velta að sér.

Samstarfsmenn stefnanda, frammannefndur Stefán og Ragnar Valdemarsson, er einnig var sjónarvottur að slysinu, hafa í öllu verulegu lýst atvikum að því á sama hátt og stefnandi hefur gert. Ragnar sagði, að staurinn hafi verið blautur og háll og að fótur Stefáns hafi runnið af honum og lent í auga stefnanda. Honum virtist þetta lítið högg, og sagðist Stefán hafa verið í „bomsum“, sem hafi verið vel rúmar, og virtist honum höggið lítið. Hann kveðst ekkert hafa séð athugavert við það, að þeir veltu staurnum, eins og þeir Páll gerðu.

Stefán sagði, að ástæðan fyrir því, að fótur hans hafi sloppið af staurnum hafi verið sú, að staurinn hafi verið leirugur og krapaður. Hann kvaðst hafa verið í einföldum gúmmíbomsum og sokkahlífum og hafi höggið verið lítið og hafi honum ekki dottið í hug, að nein veruleg meiðsli hafi getað hlotizt af þessu. Hann sagði, að augað hafi fyllzt af krapu og óhreinindum.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi vitað um Stefán Árnason þarna rétt hjá, en sagðist ekki hafa haft hugmynd um, að hann ætlaði að spyrna fæti í staurinn og vænti sér engrar hjálpar við staurinn og kom honum það alveg á óvart, að Stefán spyrnti í staurinn. Stefán hefur hins vegar borið, að það geti ekki hafa farið fram hjá neinum, að hann, þ. e. Stefán,

spyrnti í staurinn, enda hafi þeir þá staðið andspænis hvor öðrum, og kvaðst ekki geta ímyndað sér annað en stefnandi hafi vitað um þetta, enda hafi ekki verið margt þarna til að glepja athygli manna. Stefán kvaðst ekki muna, hvort hann hafi fengið nokkra skipun eða tilmæli frá stefnanda að aðstoða hann við staurinn, en hann kvaðst hafa séð, að stefnandi hafi ekki ráðið við staurinn og því farið honum til aðstoðar. Vitnið Stefán hefur sagt, að þetta hafi verið fyrsta spyrna hans í staurinn. Einnig hefur sama vitni borið, að þarna hafi verið dálítill brekka, og hafi hann farið brekkumegin að staurnum og hafi hann talið það eðlilegra. Lögmaður stefnanda hefur lagt aðaláherzluna á það, að slyss stefnanda hafi orsakast af gáleysi verkamanns, sem var í þjónustu stefndu. Þótt stefnandi hafi verið þarna flokksstjóri, þá hafi honum borið að vinna með hinum verkamönnum og hafi hann verið einn að því verki, er hann var við og ekki kvatt neinn sér til aðstoðar og greindur verkamaður hafi komið að verkinu honum algerlega að óvörum og verði honum ekki um kennt slysið með neinu móti, hvorki vegna starfsaðferðar sinnar eða skorti á eftirliti með samstarfsmönnum sínum.

Til stuðnings sýknukröfu sinni af þessum lið hefur lögmaður stefndu lagt megináherzlu á eftirfarandi atriði: Hann telur, að hegðun starfsmanns stefndu Stefáns Árnasonar, þegar slysið bar að og að framan er lýst, hafi verið svo óeðlileg, að umbjóðendur hans hafi ekki getað reiknað með slíku, en samkvæmt almennum reglum beri atvinnurekandi ekki ábyrgð á slíkri hegðun starfsmanna sinna. Einnig hefur hann til vara skírskotað til þess, að stefnandi hafi verið þarna flokksstjóri og eigi gætt þess að segja Stefáni Árnasyni til við framkvæmd verksins og hafi borið að hafa sjálfan sig ekki í augljósri hættu, hann hafi bogað við verkið að nauðsynjalausu og hafi fengið höggið vegna þessarar ógætni sinnar.

Ekki verður á það fallizt með stefndu, að hegðun nefnds verkamanns, er olli slysi stefnanda, hafi verið svo óeðlileg eða fjarstæðukennd, að atvinnurekandi hans beri ekki ábyrgð á framferði hans af þeim sökum. Það verður hins vegar að teljast frekar ósennilegt, að stefnandi hafi ekkert vitað um, að nefndur maður kæmi til aðstoðar við staurinn, þar sem hann var alveg hjá honum, en eigi verður það þó talið sannað gegn eindreginni neitun hans, enda verður að telja, að stefndu hafi sönnunaryrðina um þetta atriði. Með skírskotun til þessa og þess, er að framan er rakið, verður ekki fallizt á það, að stefnandi hafi

sýnt af sér skort á aðgæzlu, svo hann eigi að bera hluta af tjóninu, hvorki við verk sitt eða við eftirlit með verkum samstarfsmanna sinna. Samkvæmt þessu þykir verða að leggja alla ábyrgð á tjóninu á stefndu. Verður nú vikið að upphæð bótakröfunnar.

Um 1. Vinnutekju- og örorkutjón.

Eins og að er vikið að framan, slasaðist stefnandi á auga og leitaði hann fyrst til Helga Skúlasonar augnlæknis hér, en síðan til Kristjáns Sveinssonar, augnlæknis í Reykjavík. Hefur síðarnefndur læknir gefið vottorð um meiðslin og afleiðingar þeirra og segir þar: „Páll Jónsson, 33 ára, Hafnarstræti 47, Akureyri, meiddist á v. auga í nóvember s.l. Rifnaði sjónhimnan og blæddi inn á glervökva augans. Augað var tvisvar opererað, en árangur varð lítill. Sjón augans var, að sjúklingurinn gat talið fingur rétt framan við augað utanvert.

Þar sem ástand augans hefur ekki batnað í 4—5 mánuði eftir aðgerðirnar, geri ég ráð fyrir, að það ástand haldist áfram óbreytt.“ Vottorðið er dagsett 8. maí 1959. Ekki er upplýst, að sjón stefnanda hafi batnað frá því þetta vottorð var gefið.

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda sem hér segir:

Frá 11. desember 1958 til 15. janúar 1959 100%

— 16. janúar 1959 til 15. febrúar 1959 50%

Varanleg örorka 20%.

Þá hefur verið lögð fram greinargerð tryggingarfræðings um tjónið.

Samkvæmt þeirri skýrslu og framlögðu endurriti af framtali stefnanda og vottorðum viðkomandi skattfirvalda voru meðalárstekjur stefnanda árin 1956—1958 kr. 78.370.00. Samkvæmt þessu hefur tryggingarfræðingurinn reiknað út verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda frá 11. desember 1958, en þá hætti hann að vinna eftir slysið, og þá byggt á umreiknuðu kaupmiðað við kauphækkanir, er orðið höfðu. Niðurstaðan er þessi:

a. Vegna tímabundinnar örorku 11/12'58—15/2'59 kr. 11.940.00

b. Vegna frambúðarörorku eftir það — 212.039.00

Alls kr. 223.979.00

Við niðurstöðuna hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna Tryggingarstofnunar ríkisins vegna slyssins. Samkvæmt þessum gögnum þykir tjón stefnanda undir þessum lið hæfilega metið á

kr. 170.000.00; þar frá dragast kr. 42.485.00, sem Tryggingastofnunin hefur greitt stefnanda í bætur, og verða þá eftir kr. 127.520.00, sem ber að dæma stefnanda undir þessum lið.

Um 2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og miska.

Um þetta hefur stefnandi einkum skírskotað til vottorðs augnlæknisins, sem að framan er vitnað í, og annarra gagna málsins um slysið. Þá hefur hann haldið því fram, að hann hafi hlotið varanleg lýti af slysi þessu og skírskotar þar um sérstaklega til tveggja ljósmynda af sér; önnur þeirra er fyrir, en hin eftir slysið, er sýna nokkur lýti á vinstra auga. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 15.000.00 og ber að dæma stefndu til að greiða þá upphæð.

IV.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda samkvæmt kafla II hér að framan kr. 34.640.06 og kr. 7.500.00 eða samtals kr. 42.140.06 með 6% ársvöxtum frá 19/3 1955 til 20/2 1960 og 8% frá 20/2 1960 til greiðsludags og samkvæmt III. kafla kr. 127.520.00 og kr. 15.000.00 eða samtals kr. 142.520.00 með 60% ársvöxtum frá 14/11 1958 til 20/2 1960 og 8% ársvöxtum frá 20/2 1960 til greiðsludags. Þá þykir hæfilegt að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar að upphæð kr. 18.000.00.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti, ásamt Antoni Kristjánssyni rafvirkjameistara og Sigurði Helgasyni rafmagnseftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndu, Héraðsrafmagnsveitur ríkisins, Reykjavík, greiði stefnanda, Páli Jónssyni, kr. 184.660.06 með 6% ársvöxtum af kr. 42.140.06 frá 19/3 1955 til 20/2 1960 og 8% frá þeim degi til greiðsludags og 6% af kr. 142.520.00 frá 14/11 1958 til 20/2 1960 og 8% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þess að telja.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.